

## Hugleiðslu og friðarmiðstöðin

### LÖG

1. gr. Nafn félagsins er Hugleislu og friðarmiðstöðin, á ensku Meditation for World Peace, á tibetsku Kagyu Samye Dzong Reykjavík.  
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. gr. Markmið félagsins eru:
  - Að stuðla að aukinni sjálfsþekkingu og innri friði fólks án tillits til uppruna eða trúarbragða.
  - Að stuðla að auknum áhuga á hugleiðslu og málum andans.
  - Að hlúa að félögum með sömu markmið.
3. gr. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með rekstri miðstöðvar, fræðslustarfsemi, fyrirlestrum, námskeiðum og annari starfsemi.
4. gr. Hver sá sem er sammála markmiðum félagsins og skráir sig telst vera félagsmaður.
5. gr. Einkunarorð félagsins eru: **Til að fá ytri frið þarf fyrst að fá innri frið**
6. gr. Aðalfund félagsins skal halda í byrjun hvers árs. Hann er opinn öllum félagsmönnum. Fundinn skal hann boða með minnst einnar viku fyrirvara. Tillögur til lagabreytinga skal kynna í fundarboði.
7. gr. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
  1. Skýrsla fráfarandi stjórnar og reikningar
  2. Lagabreytingar
  3. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda til 2ja ára í senn
  4. Starfið framundan og önnur mál
8. gr. Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Við kosningu stjórnar skal þess gætt að allir stjórnarmeðlimir gangi ekki úr stjórn samtímis.
9. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.
10. gr. Ef félagið er lagt niður renna eignir þess til hjálparstarfs Rokpa International

*Lög samþykkt á stofnfundinum 30. maí 2008*

### **Greinargerð fyrir aðalfund Hugleiðslu- og friðarmiðstöðvarinnar 2019:**

Nýtt félag: Félag Tíbet Búddista hefur verið stofnað og er Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin dótturfélag þess. Eignir og skuldir Hugleiðslu- og friðarmiðstöðvarinnar hafa færst yfir á nýja félagið. HFM verður

Þá dótturfélag og nýtir sama húsnæði og aðstöðu eins og áður. Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin verður sem áður „non profit“ áhugamannafélag með sömu skyldur og fyrr. Félag Tíbet Búddista er trúfélag fyrir þá sem vilja hafa tíbeskan búddisma að trú sinni. Félögin 2 vinna saman og geta haft sama fólk innan sinna raða skv. lögum HFM.

Tillögur að breytingum á lögum lagðar fyrir aðalfund 2019:

1. grein: Nafn félagsins er: Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin, á ensku Meditation Centre for World Peace and Health. Kt. 5809081010 Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
3. grein: Við bætist: Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin er dótturfélag Félags Tíbet Búddista / Kagyu Samye Dzong Reykjavik (FTB/KSD Reykjavik) kt. 441017-0570 en starfar sem áður skv. gr.2. Félagið skuldbindur sig til að hafa starfsemi sína og lögheimili í húsnæði FTB. Fjárhagslegur ábati af starfseminni rennur óskiptur til FTB/KSD Reykjavik sem hefur tekið yfir skuldir og rekstur fasteigna.
9. grein: Við bætist: Framboð til stjórnar skulu berast stjórn a.m.k. hálfum mánuði fyrir aðalfund.
11. grein: Ef félagið er lagt niður renna eignir þess til Félags Tíbet búddista/Kagyu Samye Dzong Reykjavik ( FTB/KSD Reykjavik).